


Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf

Freyja Haraldsdóttir

Kynningarfundur um stofnun samvinnufyrirtækis um notendastýrða
persónulega aðstoð 5. júní 2010




Barátta fyrir jöfnum mannréttindum





Ed Roberts (1939-1995)

- Var einn af helstu frumkvöðlum hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf.
- Stofnaði hópinn *Rolling Quads* ásamt öðrum fötluðum stúdentum.
- Hópurinn stofnaði fyrstu miðstöðina um sjálfstætt líf 1972 (Center for Independent Living).



Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf

- Hugmyndafræðin felur í sér að:
 - allar manneskjur óháð eðli og alvarleika skerðingar, **geta tekið eigin ákvarðanir**.
 - allar manneskjur hafi **rétt** til þess að **hafa stjórn á eigin lífi** og **taka fullan þátt** á öllum sviðum lífsins.
 - fatlað fólk geti **ákveðið** og **valið** hvernig þjónustu það fær, hvar hún er veitt, hvenær, hvernig og af hverjum.
- Hugmyndafræðin **er krafa um val og stjórn** í daglegu lífi sem er talið sjálfsagt fyrir flest ófatlað fólk.

Helstu hornsteinar

Persónuleg aðstoð

- Byggist á beingreiðslum.
- Valdið yfir þjónustunni færir frá kerfinu yfir til fatlaðs fólks.
- Hámarks stjórn fatlaðs fólks á hvernig aðstoðin er skipulögð og hönnuð eftir þörfum, getu, lífsstíl og löngun þess sem manneskju.

Jafningjaráðgjöf

- Ráðgjöf þar sem reynsla fatlaðs fólks og innsæi nýtist vel öðru fötluðu fólki.
- Markmiðið að gefa fötluðu fólki kost á að mæta þörfum sínum til þess að taka fullan þátt og hafa vald yfir eigin lífi.
- Einnig að benda á hvað það er í umhverfinu sem þarf að breyta svo að fatlað fólk geti lifað eðlilegu lífi.

ULOBA

- ULOBA var stofnað 1991 er ekki rekið í hagnaðarskyni.
- Samvinnufyrirtækið er rekið af fötluðu fólki í anda hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf.
- ULOBA byggir á hugmyndum um valdeflingu, full borgaraleg réttindi og mannréttindi.
- Fyrirtækið leggur höfuðáherslu á að veita eigendum jafningjaráðgjöf og stuðning.
- Eigendur ULOBA eiga að hafa fulla stjórn á eigin aðstoð.
- ULOBA vinnur a pólitískum umbótum í samfélaginu til að tryggja jöfn tækifæri fatlaðs fólks.



Folk for frihet



ULOBA

